

**Barnaheill**  
Kt: 521089-1059  
Ársreikningur 2017



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun endurskoðenda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar og reikningskilaaðferðir .....	8
Sundurliðanir með ársreikningi .....	9-10

Barnaheill - Save the Children á Íslandi  
Kt: 521089-1059  
Háaleitisbraut 13  
108 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar

### Hlutverk samtakanna

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem standa vörð um mannréttindi barna og eru málsvari þeirra á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### Starfsemin á árinu

Hagnaður var af rekstri samtakanna á árinu 2017 að fjárhæð kr. 3.343.168 sem er hækkun um rúm 400 þúsund frá árinu áður. Í árslok er eigið fé jákvætt um kr. 52.881.062 og er eiginfjárhlutfall samtakanna 87%.

Starfsemi ársins var með hefðbundnum hætti en erlend neyðaraðstoð var að fullu fjármögnuð án opinberra styrkja. Áframhaldandi fjölgun heillavina og hækkun framlaga á árinu skilaði sér í 15,5% hækkun á tekjum frá styrktaraðilum og félagsmönnum á árinu 2017.

Hjá samtökunum störfuðu í árslok 5 fastráðnir starfsmenn í 4.6 starfsgildum en auk þeirra voru um 1,5 stöðugildi aðkeypt. Beinar launagreiðslur tengdar rekstri samtakanna á árinu námu alls kr. 29.697.198.

Stjórn og framkvæmdastjóri Barnaheilla telja niðurstöður ársreikningsins gefa allar nauðsynlegar upplýsingar til að glöggva megi sig á rekstri og fjárhagslegri stöðu félagsins í árslok 2017 og staðfesta hér með ársreikning 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík 10. apríl 2018

Í stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Kolbrún Baldursdóttir

Harpa Rut Hilmarsdóttir

Páll Valur Björnsson

Atli Þór Albertsson

Jón Ragnar Jónsson

Anni Haugen

Ólafur Ó. Guðmundsson

Framkvæmdastjóri

Erna Reynisdóttir

## Áritun óháðs endurskoðenda

### Til stjórnar og félagsaðila Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.

#### Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Barnaheilla fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning efnahagsreikning þr 31.12.2017, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar. Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfesti ég samkvæmt minni bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

#### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan.

Ég er óháður Barnaheill í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef ég uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi ég aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

#### Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun minni á hann. Álit mitt á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og ég staðfesti þær ekki á neinn hátt. Í tengslum við endurskoðun mína á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem ég hef aflað mér á félaginu við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef ég, á grundvelli vinnu minnar, álykta að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber mér að skýra frá því. Ég hef lesið aðrar upplýsingar í ársskýrslu og hef ekkert að upplýsa hvað það varðar.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri Barnaheilla ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beiti ég faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Ég framkvæmi einnig eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Reykjavík 27. mars 2018

Árni Björn Birgisson  
löggiltur endurskoðandi

### Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi höfum yfirfarið ársreikninginn og í því sambandi kannað bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Helga Jónasdóttir

Þórður Þórkelsson

## Rekstrarreikningur 2017

	Skýr	2017	2016
<b>Rekstrartekjur</b>			
Heillavinir og félagsgjöld .....		51.471.074	44.548.390
Fjáröflun .....	1	16.162.014	15.599.070
Framlög til verkefna .....	2	13.909.448	10.722.620
Opinber framlög .....	3	6.975.000	25.370.000
Erlendir styrkir .....	4	1.866.501	3.634.644
Aðrar tekjur .....	5	444.198	434.187
		<b>90.828.235</b>	<b>100.308.911</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Innlend verkefni og starfsemi .....	6	43.113.352	32.042.390
Erlend verkefni .....	7	7.016.544	22.207.113
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	16.221.675	17.235.976
Kynningar og fjáröflun .....	9	22.322.703	25.181.989
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	10	125.000	0
		<b>88.799.274</b>	<b>96.667.468</b>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>2.028.961</b>	<b>3.641.443</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármunatekjur .....		1.290.593	732.936
Vaxta- og þjónustugjöld og gengismunur .....		23.614	(1.466.768)
		<b>1.314.207</b>	<b>(733.832)</b>
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>3.343.168</b>	<b>2.907.611</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

### Eignir

	Skýr	2017	2016
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Varanlegir rekstarfjármunir</b>	<b>10</b>		
Fasteignir .....		6.259.500	6.259.500
Áhöld og tæki .....		307.475	432.475
		<b>6.566.975</b>	<b>6.691.975</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		3.510.945	4.084.298
Birgðir .....		4.334.688	2.546.203
Handbært fé .....		46.455.061	38.755.684
		<b>54.300.694</b>	<b>45.386.185</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>60.867.669</b>	<b>52.078.160</b>

### Eigið fé og skuldir

	Skýr	2017	2016
<b>Eigið fé</b>	<b>11</b>		
Óráðstafað eigið fé .....		52.881.062	48.694.401
		<b>52.881.062</b>	<b>48.694.401</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		7.986.607	3.383.759
		<b>7.986.607</b>	<b>3.383.759</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>60.867.669</b>	<b>52.078.160</b>

## Sjóðstreymi 2017

	Skýr	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<b>Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
Samkvæmt rekstrarreikningi .....		3.343.168	2.907.611
		<u>3.343.168</u>	<u>2.907.611</u>
<b>Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna</b>			
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun .....		1.416.846	566.014
Birgðir (hækkun) lækkun .....		(1.788.485)	(2.546.203)
Áhöld og tæki (hækkun) lækkun .....		125.000	0
<b>Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda</b>			
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun) .....		4.602.848	(3.303.834)
		<u>4.356.209</u>	<u>(5.284.023)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		7.699.377	(2.376.412)
<b>Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar</b>			
Kaupverð eigna .....		0	(250.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		7.699.377	(2.626.412)
Handbært fé í byrjun tímabils .....		38.755.684	41.382.096
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>46.455.061</u></u>	<u><u>38.755.684</u></u>



## Skýringar með ársreikningi

### Um samtökin

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1989. Samtökin eru með starfsstöð að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4.tl.4.gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Samtökin greiða hinsvegar fjármagnstekjuskatt og tryggingagjald.

Hlutverk samtakanna er að standa vörð um mannréttindi barna og vera málsvari þeirra á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

### Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta við sölu eða innlausn reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Rekstrarreikningur

Seldar vörur og styrkir eru færðar til tekna í rekstrarreikningi sem þær falla til á reikningsárinu.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

### Efnahagsreikningur

Fasteignir eru metnar á upphaflegu kostnaðarverði.

Birgðir eru samkvæmt talningu en um er að ræða kennsluefni vegna Vináttuverkefnisins.

Áhöld og tæki eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði.

## Sundurliðanir með ársreikningi

1. Fjáröflun	2017	2016
Áheitasöfnun .....	1.728.818	1.884.241
Út að borða fyrir börnin .....	5.261.493	3.544.446
Jóla- og minningarkort .....	4.951.453	6.049.283
Fjáröflunarvarningur .....	459.250	615.600
Styrktarlínur .....	3.761.000	3.505.500
	<b>16.162.014</b>	<b>15.599.070</b>
<b>2. Framlög til verkefna</b>		
Styrkir vegna einstakra verkefna .....	809.875	1.176.000
Framlög vegna einstakra verkefna .....	11.885.468	6.940.588
Framlög vegna erlendra verkefna .....	1.114.105	981.032
Samfélagsstyrkir .....	100.000	1.625.000
	<b>13.909.448</b>	<b>10.722.620</b>
<b>3. Opinber framlög</b>		
UTN vegna neyðaraðstoðar .....	0	19.570.000
VEL rekstrarstyrkur .....	3.500.000	3.500.000
Styrkir vegna einstakra verkefna .....	3.475.000	2.300.000
	<b>6.975.000</b>	<b>25.370.000</b>
<b>4. Erlendir styrkir</b>		
Styrkir frá ESB v/Inhope .....	1.764.529	3.299.950
Aðrir erlendir styrkir .....	101.972	334.694
	<b>1.866.501</b>	<b>3.634.644</b>
<b>5. Aðrar tekjur</b>		
Endurgr. kostnaður v. íbúðar f. fjölskyldur langveikra barna .....	444.198	434.187
	<b>444.198</b>	<b>434.187</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Vinnulaun .....	29.697.198	24.037.813
Bifreiðastyrkir .....	1.116.005	882.666
Tryggingagjald .....	2.379.250	1.961.940
Lífeyrissjóður .....	3.920.394	2.669.485
Sjúkra og orlofssjóður .....	578.361	364.981
Yfirfært á verkefni .....	(37.691.208)	(29.916.885)
	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>6. Innlend verkefni og starfsemi</b>		
Vernd gegn ofbeldi .....	10.127.292	4.505.116
Málsvarahlutverk .....	1.328.998	582.474
Stuðningsverkefni .....	119.878	6.102
Kostnaður vegna íbúðar fyrir fjölskyldur langveikra barna .....	544.882	470.472
Ungmennaráð .....	370.720	287.794
Önnur innlend starfsemi .....	212.515	881.095
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun .....	30.409.067	25.309.337
	<b>43.113.352</b>	<b>32.042.390</b>

7. Erlend verkefni	2017	2016
Neyðaraðstoð .....	5.428.960	20.077.725
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun .....	1.587.584	2.129.388
	<b>7.016.544</b>	<b>22.207.113</b>

### 8. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Sími, internet og póstpjónusta .....	499.988	351.459
Upplýsingakerfi hugbúnaðarþjónusta .....	1.014.596	896.372
Endurskoðun og reikningsskil .....	496.000	789.235
Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuþjónusta .....	4.893.747	4.581.520
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	0	470.580
Prentun, ritföng, smáhlutir og gjafir .....	198.085	202.428
Húsnæðiskostnaður .....	2.418.264	2.376.784
Tryggingar .....	52.800	59.197
Viðhald og rekstur tölvubúnaðar .....	677.159	542.168
Aðildargjöld alþjóðasamstarf .....	912.088	539.014
Ferðakostnaður .....	259.494	385.890
Fundakostnaður og ráðstefnur .....	469.823	1.098.027
Starfsmannakostnaður .....	190.744	221.117
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun .....	4.138.887	4.722.185
	<b>16.221.675</b>	<b>17.235.976</b>

### 9. Kynningar og fjáröflun

Kostnaður vegna útgáfu blaðs .....	2.605.260	2.705.794
Kostnaður út að borða fyrir börnin .....	478.509	933.081
Umsýslugjald vegna innheimtu félagsgjalda og styrkja .....	7.042.756	5.934.569
Kostnaður vegna áheitasöfnunar .....	0	389.590
Kostnaður vegna útgáfu jólakorta .....	1.402.859	1.414.407
Öflun félagsmanna og styrktaraðila .....	4.691.165	9.302.103
Annar sölu- og markaðskostnaður .....	192.372	0
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun .....	5.909.782	4.502.445
	<b>22.322.703</b>	<b>25.181.989</b>

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun .....	6.259.500	432.475	6.691.975
Keypt á árinu .....		0	
Stofnverð í árslok .....	6.259.500	432.475	6.691.975
Afskrifað í ársbyrjun .....	0	0	0
Afskrifað í árslok .....	0	125.000	125.000
Bókfært verð í árslok .....	<b>6.259.500</b>	<b>307.475</b>	<b>6.566.975</b>

	Fasteignamat	Brunabótamat
Opinbert mat íbúðar er sem hér segir .....	33.750.000	24.310.000
Íbúð samtakanna er til notkunar fyrir fjölskyldur langveikra barna.		

### 11. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:	<b>31.12.2017</b>	<b>31.12.2016</b>
Staða í ársbyrjun .....	48.694.401	45.786.790
Leiðr. vegna niðurfærslu viðskiptakrafna frá fyrri árum .....	843.493	0
Samkv. rekstrarreikningi .....	3.343.168	2.907.611
Staða í árslok .....	<b>52.881.062</b>	<b>48.694.401</b>